

Stuðningur við nemendur er forsenda framþróunar.

Auglýsingarefni úr herferðinni

Herferðin Mennt var máttur hófst í byrjun október með hátíðarsýningu í Safnahúsinu. Markmiðið er að gera nauðsynlegar breytingar á fyrirkomulagi námslána [lesa meira](#)

LÍS gaf umsögn um fæðingarorlof stúdenta vegna frumvarps til laga. Lögð var áhersla á hækkun fæðingarstyrks og rýmkun skilyrða [lesa meira](#)

Stúdentafélag Háskólans á Hólum endurvakið með aðalfundi í október. Gæðastjóri LÍS aðstoðaði við að halda fundinn og ný stjórn kjörin [lesa meira](#)

Skrásetningargjöld HÍ ekki með „fullnægjandi lagastoð“ skv. úrskurði áfrýjunarnefndar í kærumálum háskólanema. Stúdentaráð HÍ hefur krafist endurgreiðslu [lesa meira](#)

Notkun gervigreindar í háskólanámi var rædd á fulltrúaráðsfundi og fenginn gestur sem þekkir til málsins [lesa meira](#)

Hvað er Student refugees og hvenær er það? Verkefnastjórnin lýsir verkefninu stuttlega [lesa meira](#)



Afmælisauglýsing

Afmæli LÍS var 3. nóvember og samtökin bjóða í afmælisveislu 16. nóvember kl. 17 í Háskóla Íslands [lesa meira](#)

Landsþingsnefnd sett á laggirnar á síðasta fulltrúaráðsfundi og í henni sitja fulltrúar frá fjórum aðildarfélögum. Nefndin mun skipuleggja Landsþingið á næsta ári [lesa meira](#)



NÆSTU DAGAR

3. nóvember

10 ára afmæli LÍS!

12. nóvember

Umsagnarfrestur rennur út á breytingum á reglum um fjárframlög til háskóla, sjá [hér](#).

16. nóvember

Afmælisveisla LÍS á Litla-torgi kl. 17. Öll velkomin!

17. nóvember

Alþjóðlegur dagur stúdenta.

20.-26. nóvember

Board Meeting (BM) hjá ESU í Tallinn.

Herferðin Mennt var máttur hafin

Alexandra Ýr van Erven

Herferð LÍS og BHM um hlutverk og stöðu Menntasjóðs námsmanna hófst í mánuðinum og ber yfirskriftina: Mennt var máttur. Tilgangur herferðarinnar er að vekja athygli á vanköntum námslánakerfisins og afleiðingum þeirra, fyrir stúdenta, háskólamenntaða, íslenskan

Nður en nám verður aðeins fyrir útvalda.

vinnumarkað og samfélagið í heild. Markmiðið er að þrýsta á stjórnvöld að gera nauðsynlegar breytingar á fyrirkomulagi námslána. Í samstarfi við BHM vildi LÍS draga fram hvernig stuðningur við stúdenta er ekki síður vinnumarkaðsmál enda er háskólamenntun forsenda ýmissa starfsstétta. Sem liður af herferðinni buðu félögin til opunar á hátíðarsýninguna Mennt var máttur í Safnahúsinu og þar gátu gestir kynnt sér námslánarisaedluna og týnd tímabil íslenskrar menntasögu.

...

Umsögn LÍS um fæðingarorlof stúdenta

Alexandra Ýr van Erven

LÍS sendi inn umsögn vegna frumvarps til laga um um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof. Í umsögninni var annars vegar lögð áhersla á hækkan fæðingarstyrks námsmanna og hins vegar á rýmkun á skilyrðum þess að eiga rétt á fæðingarstyrknum. Ljóst er að gerðar eru miklar kröfur til stúdenta til þess að eiga rétt á fæðingarstyrknum yfirhöfuð og skerðir ákvæðið aðgengi stúdenta að félagslegum réttindum. Setja má spurningarmerki við hvort slík krafa um námsframvindu sé í samræmi við þau velferðarsjónarmið sem fæðingarorlofskerfið er byggt á.



Umsögnina í heild sinni má lesa [hér](#).

...

Endurvakning Stúdentafélags Háskólans á Hólum

Lilja Margrét Óskarsdóttir

Gæðastjóri LÍS fór í aðra heimsókn í háskólann á Hólum þann 19. október síðastliðinn. Tilgangur heimsóknarinnar var að halda aðalfund Stúdentafélagsins. Fundurinn var haldinn og tókst að manna í embætti félagsins að mestu.



...

Afmæli LÍS - Sameinuð rödd stúdenta í 10 ár!

Alexandra Ýr van Erven

Landssamtök íslenskra stúdenta voru stofnuð 3. nóvember 2013 og því urðu samtökin 10 ára fyrir skemmstu. Þetta markar merkan áfanga í sögu félagsins sem hefur nú verið sameinuð rödd stúdenta í 10 ár! LÍS biður því alla háskólanema, fyrrum og núverandi LÍS-urum og öðrum samstarfsaðilum í afmælisfögnuð þann 16. nóvember kl. 17 í Háskóla Íslands.




...

Hvað er Student refugees?

Anita Sóley Scheving

Students Refugees Iceland er verkefni á vegum LÍS. Markmið verkefnisins er að aðstoða fólk á flótta við að sækja háskólanám hérlendis. Anita Sóley Scheving, jafnréttisfulltrúi LÍS, er verkefnastjóri verkefnisins. Verkefnið byrjaði árið 2017 og hefur smám saman stækkað yfir árin. Einum sinni til tvisvar á mánuði er haldið application cafe í Borgarbókasafninu Grófin. Þar geta umsækjendur komið og fengið aðstoð við að sækja háskólanám. Í haust er búið að halda tvö application cafe's og verður næsta haldið þann 15. nóvember klukkan 16:30-18:00.



...

Skrásetningargjöld HÍ ekki með „fullnægjandi lagastoð“

S. Maggi Snorrason

Þann 5. október felldi áfrýjunarnefnd í kærumálum háskólanema úr gildi úrskurð háskólaráðs HÍ um að hafna kröfu nemanda um endurgreiðslu á skrásetningargjöldunum. Það var gert á þeim grundvelli að forsendan fyrir skrásetningargjaldinu „eigi ekki fullnægjandi lagastoð.“ Úrskurð áfrýjunarnefndarinnar má finna [hér](#).

Í kjölfar úrskurðarins hefur Stúdentaráð HÍ krafist þess að ofrukkun skrásetningargjalda verði leiðrétt tafarlaust. Ráðið rekur sögu málsins [hér](#) og kröfu þeirra um endurgreiðslu má finna [hér](#).

...

Notkun gervigreindar í háskólanámi

S. Maggi Snorrason

Á fulltrúaráðsfundinum 7. nóvember var rætt afstöðu stúdenta á notkun gervigreindar í háskólanámi. Ráðið

fékk til sín Geri Finnson, forseta LUF og framhaldsskólakennara, til þess að ræða sína upplifun af gervigreind í námi. Geir hefur skrifað um málið (sjá [hér](#)) og tekið virkan þátt í umræðunni.

Góðar umræður mynduðust og ráðið er að miklu leyti sammála um að það eigi að mæta þessari þróun með opnum hug frekar en að reyna að banna notkun gervigreindar. Fulltrúar deildu einnig hvernig sínir háskólar hafa brugðist við þessari þróun.



...

Landsþingsnefnd sett á laggirnar

S. Maggi Snorrason

Á fulltrúaráðsfundinum 7. nóvember var tekið við tilnefningum aðildarfélaganna í Landsþingsnefnd. Nefndin hefur verið skipuð og í henni sitja fulltrúar frá fjórum aðildarfélögum samtakanna auk forseta, varaforseta og framkvæmdastjóra. Nefndin mun skipuleggja Landsþingið á næsta ári sem verður haldið 7.-10. mars. Það á þó enn eftir að ákveða staðsetningu fyrir þingið og nefndin mun fara yfir þá kosti sem standa til boða.

...

Viltu birta?

S. Maggi Snorrason

Ert þú eða þitt félag að halda viðburð, með opna stöðu, að hefja nýtt verkefni, gefa út blað eða annað sem gæti varðað stúdenta, önnur stúdentafélög og önnur áhugasöm um málefni stúdenta? Þér er þá velkomið að senda á varaforseti@studentar.is og athuga hvort ekki sé hægt að birta um það í þessum mánaðarlegu fréttabréfum.



Markmiðið með fréttabréfunum er að vekja athygli á starfsemi samtakanna og auka upplýsingaflæði til og milli aðildarfélaganna. Hver sem er getur skráð sig á póstlista til þess að fá þau mánaðarlega en það er hægt [hér](#).